

sælufra mannanna er að fullu og öllu samhljóða vilja og tilgangi hins eilífa og almáttuga lífsins lögmáls, er hreyfir alheiminn ómælilega, og að vér öll erum jafnmikil óskabörn föður vors og nokkrir menn hafa nokkru sinni verið.

Það þykir sumum ómögulegt að draga nokkrar trúarlegar ályktanir út úr hinu daglega og hversdagslega. En þó er það einmitt það, sem sannar það sem sannanlegt er, en ekki það sem engir hafa reynt eða nokkru sinni lifað.

Þeir sem séð hafa aldinagarð, þykir það ekki stórmerkelegur viðburður að sjá epli falla af liminu til jarðar. En einmitt það lítilsverða atriði var þó það sem leiddi til uppgötvunar og sönnunar á einum þeim mikilvægasta sannleika, er umskapað hefir öll stjörnuvísindin. Um ómuna aldir voru epli og hnetur og aðrir trjááavextir að falla, um allar árstíðir um ár og aldir víðsvegar um heiminn. Og alltaf voru þau að segja mönnunum til, en þeir skildu ekki langa lengi, langa lengi, uns loks að einn mannanna sona komst eftir því. —þyngdarlögmálið—og síðan hefir það orð orðið algengt orð á öllum tungumálum heimsins.

Hið sanna er, það kemur fáum til hugar þegar þeir fara um farin veg og sjá láreist veggglítið hús blasa við fram með veginum, afskekt og eitt. Hvaða hús er það? Það er skólahús.

Eða þá á öðrum stað, hátt hús með mörgum gluggum, mörgum skotum og krókum—sjúkrahús. Eða þá enn eitt, þar sem ótal smábörn eru að leikjum, en varla sést maður. —Munaðarleysingjahæli og svo mætti ótal telja,—að öll þessi hús sönnuðu eitt mikilsvert trúaratriði, að hið góða er eilíft lögmál, virkilegt og satt,—ef ekki svo, væri þau ekki til— að guð lætur sér eins ant um mennina í dag eins og í gær, og á morgun eins og í dag. Að þau sanni þetta þykir sumum ótrúlegt, en þó er það.

Og þar sem ég sé skólahús, hefi ég eina hina sterkustu sönnun hins mesta megin atriðis hinnar unitarisku trúar. Sá sem þar þjónar samvirkusamlega og vel er hinn þarfasti þjónn þeirrar skoðunar.